

91. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs  
7. 2. 2018 kl. 8:15 – 9:45

Fundur settur kl. 08:15

Fundarstjóri: Eyjólfur Guðmundsson

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Hugrún Harpa Reynisdóttir, Olga Ingólfssdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Hrafnkell Guðnason, Eyjólfur Guðmundsson, Þorvarður Árnason, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Vilhjálmur Magnússon og Katrín Jónsdóttir.

Fjarverandi: Helga Árnadóttir og Bjarni Guðmundsson

● **Þjónusta við háskólanema**

Hugrún Harpa greindi frá því að sent hafi verið erindi til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna þess nýja hlutverks sem Nýheimar þekkingarsetur hefur tekið við í tengslum við þjónustu við háskólanema. Umræður sköpuðust um mikilvægi þess að hvetja fólk til að afla sér háskólamenntunar. Nýheimar vilja styðja við fjarnema á svæðinu eftir fremsta megni og er stjórn sammála um að brýnt sé að vekja athygli á stöðu háskólanema á landsbyggðinni. Fram kom hugmynd um að stofna til menntaráðstefnu um fjarnám á öllum skólastigum. Málið verður tekið upp á næstu fundum.

● **Ársfundur NP**

Kristín lagði til að ársfundur Nýheima þekkingarseturs verði haldinn um miðjan apríl, greint verður frá nákvæmri tímasetningu fundar þegar hún liggur fyrir.

● **Stefnumörkun NP**

Farið var yfir drög að stefnumörkun Nýheima þekkingarsetur. Umræður sköpuðust um helstu áherslur Nýheima á næstu árum. Forstöðumaður og formaður stjórnar munu ljúka við stefnumörkun setursins og senda á stjórn til samþykktar.

● **Umsóknir um starf verkefnastjóra**

Kristín fór yfir þær umsóknir sem bárust um starf verkefnastjóra. Þrjár umsóknir bárust um starfið og verða tekin viðtöl við alla umsækjendur á næstu dögum.

● **Önnur mál**

Kristín greindi frá því að oft komi beiðnir inná borð Náttúrustofu um að taka á móti nemendahópum sem vilja heimsækja Hornafjörð í ýmsum tilgangi. Umræður sköpuðust um hvernig skuli svara slíkum beiðnum og hvort stofnanir Nýheima hafi tök á að taka á móti slíkum hópum, útvega húsnaði og vinna að móttöku slíkra hópa.

Eyjólfur greindi frá fundi sínum með Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menninarmálaráðherra sem heimsótti Nýheima í janúar.

Minnt á húsfund í Nýheimum sem verður 22. febrúar.

Fundi slitið klukkan 09:45



Hugrún Harpa Reynisdóttir